



Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2017
1702069/0.4.1/eb

Efni: Umsögn landlæknis um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun, 57. mál.


Landlæknir fagnar því að sjálfsögðu að nú sé því sýndur mikill áhugi að marka skýra stefnu í heilbrigðismálum Íslendinga. Í því sambandi vill landlæknir benda á að nú þegar liggja fyrir drög að heilbrigðisáætlun fram til ársins 2022, drög sem meiningin var að leggja fyrir Alþingi sl. haust en þar sem kosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar varð til þess að tefja málið. Það er skoðun landlæknis að ef þessi drög verða samþykkt á Alþingi með breiðri pólitískri samstöðu verði hægt að hefjast handa um nauðsynlegar endurbætur á íslensku heilbrigðiskerfi. Að bíða eftir nýrri heilbrigðisáætlun mun einungis verða til þess að tefja málið enn frekar, við vitum nú þegar nægilega mikið til þess að hefjast handa.

Hins vegar þurfa heilbrigðismálin að vera í stöðugri endurskoðun, fylgjast þarf með því sem verið er að gera í nágrannalöndunum og heimfæra það upp á íslenskar aðstæður. Þrátt fyrir þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland ekki fylgst með þeirri þróun í heilbrigðismálum sem hefur átt sér stað síðustu tvo áratugi. Það er góðra gjalda vert, eins og fram kemur í umræddri þingsályktunartillögu, að unnið sé í samráði við fagólk í heilbrigðisstéttum. Því miður eru heilbrigðisstéttir, sérstaklega læknar, mjög ósammála um hvernig þessum málum sé best fyrirkomid. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld taki af skarið um það hvert skuli haldið. Þar ber að hafa fyrst og fremst hagsmuni notenda þjónustunnar fyrir augum.

Alþingi og stjórnmalamenn eiga einungis að leggja meginlínurnar í heilbrigðismálum þjóðarinnar og deila fjármagni í samræmi við það. Augljóslega þurfa stjórnmalamenn að hafa greiðan aðgang að sérfræðikunnáttu, sem ekki hefur hagsmuna að gæta í sjálfu kerfinu. Það er því nauðsynlegt að byggja hér upp innviði í heilbrigðisráðuneyti, Sjúkratryggingum Íslands og á Embætti landlæknis sem hafa það hlutverk að fylgjast með því sem er að gerast í þeim löndum sem við gjarnan viljum bera okkur saman við og heimfæra það upp á íslenskar aðstæður. Það er síðan hlutverk yfirmanna heilbrigðisstofnana landsins að koma áætluðum aðgerðum í framkvæmd.

Samantekið óttast landlæknir að umrædd þingsályktunartillaga muni tefja framgang nauðsynlegra aðgerða í heilbrigðiskerfinu og að betra sé að hefjast handa um aðgerðir sem þegar er að finna í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2022.

Virðingarfyllst,



Birgir Jakobsson,
landlæknir